



REGLUR ARION BANKA HF. UM VIÐSKIPTI STARFSMANNA

1. MARKMIÐ OG GILDISSVIÐ

Reglur þessar gilda um alla starfsmenn Arion banka, eða aðila í nánnum tengslum við þá, og eru settar samkvæmt 57. gr. laga nr. 161/2002 um fjármálafyrirtæki. Reglurnar eru settar á grundvelli stefnu Arion banka um viðskipti starfsmanna og fjárhagsstöðu þeirra. Markmið reglnanna er að tryggja gagnsæi og draga úr hættu á hagsmunaárekstrum og misferli.

Náin tengsl teljast vera til staðar samkvæmt reglum þessum þegar einstaklingar og/eða félög tengjast með einhverjum eftirfarandi hætti:

- með hlutdeild í formi beins eignarréttar eða yfirráðum sem nemur 20% eða meira af hlutafé, stofnfé eða atkvæðavægi félags,
- með yfirráðum eða
- með varanlegum tengslum þeirra við sama þriðja aðila í gegnum yfirráðatengsl.

Með yfirráðum er átt við tengsl milli móðurfélags og dótturfélags, eins og þau eru skilgreind í lögum um ársreikninga, eða sambærilegt samband milli einstaklings eða lögaðila og félags.

2. VIÐSKIPTI STARFSMANNA VIÐ ARION BANKA HF.

Viðskipti starfsmanna skulu lúta sömu reglum og viðskipti við viðskiptavini í sambærilegum viðskiptum.

Starfsmenn eru hvattir til að eiga viðskipti við Arion banka. Starfsmönnum bjóðast sérkjör í viðskiptum við bankann, þ.e. einkum afsláttur frá tilteknum gjaldskrárliðum og bætt vaxtakjör á tilteknum reikningum og við tilteknar fyrirgreiðslur. Umrædd kjör skulu almennt ákvörðuð af bankastjóra á hverjum tíma og kynnt starfsmönnum í gegnum innranet bankans. Bankastjóri ber ábyrgð á því að sérkjör starfsmanna séu innan eðlilegra marka.

3. SÉRÁKVÆÐI UM VIÐSKIPTI BANKASTJÓRA OG LYKILSTARFSMANNA¹

Lánareglur Arion banka gilda um fyrirgreiðslur til bankastjóra og lykilstarfsmanna bankans.

Fyrirgreiðslur til bankastjóra eða lykilstarfsmanna og náinna fjölskyldumeðlima þeirra eða aðila í nánnum tengslum við þá, eru ekki veittar nema gegn traustum tryggingum.

4. VERÐBRÉFAVIÐSKIPTI STARFSMANNA

Um viðskipti starfsmanna með fjármálagerninga gilda reglur um verðbréfaviðskipti starfsmanna. Regluvörður hefur umsjón og eftirlit með reglum um eigin viðskipti með fjármálagerninga og að viðkomandi lögum og reglum sé framfylgt.

¹ Um viðskipti bankastjóra og lykilstarfsmanna gilda jafnframt ákvæði 29. gr. a og 1. mgr. 57. gr. laga nr. 161/2002 um fjármálafyrirtæki, reglur sem Fjármálaeftirlitið setur og starfsreglur stjórnar Arion banka hf.



Starfsmenn kunna að fá afslátt frá verðskrá bankans, en njóta ekki annarra sérkjara í tengslum við verðbréfiðskipti. Verðbréfiðskipti starfsmanna skulu ávallt framkvæmd með sama hætti og viðskipti annarra viðskiptavina í sambærilegri stöðu, þar með talið hvað varðar röð sambærilegra fyrirhæla.

5. AFGREIÐSLA VIÐSKIPTA

Starfsmönnum er óheimilt að afgreiða viðskipti fyrir sjálfa sig, fjölskyldumeðlimi sína eða aðra tengda aðila. Regla þessi á við um öll viðskipti í bankanum, þ. á m. verðbréfiðskipti.

6. GILDISTAKA OG BIRTING

Reglur þessar taka gildi við birtingu þeirra. Reglur þessar eru aðgengilegar viðskiptavinum á vef bankans (www.arionbanki.is).

Samþykkt af bankastjóra Arion banka hf. þann 27. ágúst 2018.

Höskuldur H. Ólafsson